

# REGLUR ARION BANKA HF. UM VIÐSKIPTI STARFSMANNA

## 1. MARKMIÐ OG GILDISSVIÐ

Reglur þessar gilda um alla starfsmenn Arion banka, eða aðila í nánnum tengslum við þá, og eru settar samkvæmt 57. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Reglurnar eru settar á grundvelli stefnu Arion banka um viðskipti starfsmanna og fjárhagsstöðu þeirra. Markmið reglnanna er að tryggja gagnsæi og draga úr hættu á hagsmunaárekstrum og misferli.

Náin tengsl teljast vera til staðar samkvæmt reglum þessum þegar einstaklingar og/eða félög tengjast með einhverjum eftirfarandi hætti:

- með hlutdeild í formi beins eignarréttar eða yfirráðum sem nemur 20% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðavægi félags,
- með yfirráðum eða
- með varanlegum tengslum þeirra við sama þriðja aðila í gegnum yfirráðatengsl.

Með yfirráðum er átt við tengsl milli móðurfélags og dótturfélags, eins og þau eru skilgreind í lögum um ársreikninga, eða sambærilegt samband milli einstaklings eða lögaðila og félags.

## 2. VIÐSKIPTI STARFSMANNA VIÐ ARION BANKA HF.

Viðskipti starfsmanna skulu lúta sömu reglum og viðskipti við viðskiptavini í sambærilegum viðskiptum.

Starfsmönnum bjóðast sérkjör í viðskiptum við bankann, þ.e. einkum afsláttur frá tilteknum gjaldskrárlíðum og bætt vaxtakjör á tilteknum reikningum og við tilteknar fyrirgreiðslur. Umrædd kjör skulu almennt ákvörðuð af bankastjóra á hverjum tíma og kynnt starfsmönnum í gegnum innranet bankans. Bankastjóri ber ábyrgð á því að sérkjör starfsmanna séu innan eðlilegra marka.

## 3. SÉRÁKVÆÐI UM VIÐSKIPTI BANKASTJÓRA OG LYKILSTARFSMANNA

Lánareglur Arion banka gilda um fyrirgreiðslur til bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans.

Samningur við bankastjóra um lán, ábyrgðir, kauprétt eða sambærileg viðskipti er háður samþykki stjórnar Arion banka og skal ákvörðun stjórnar þar um jafnframt tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Hið sama gildir um slíka samninga sem gerðir eru við nána fjölskyldumeðlimi bankastjóra.

Ekki skulu þó veittar fyrirgreiðslur til bankastjóra eða lykilstarfsmanna og náinna fjölskyldumeðlima þeirra eða aðila í nánnum tengslum við þá, nema gegn traustum tryggingum. Þá telst framlenging eða endurnýjun á samningi til nýrrar fyrirgreiðslu. Lykilstarfsmenn bankans eru tilgreindir í [reglum um lykilstarfsmenn Arion banka hf. og hæfi þeirra](#).

Samtala fyrirgreiðslu sem heimilt er að veita bankastjóra eða lykilstarfsmanni og nánnum fjölskyldumeðlimum þeirra eða aðila í nánnum tengslum við þá, má hæst vera 200 millj. kr., að teknu tilliti til lögbundinna takmarkana á stórum áhættuskuldbindingum skv. 30. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Við mat á því hvort fyrirgreiðsla fari yfir leyfileg mörk skal líta til samtölu fyrirgreiðslna til þess aðila og aðila í nánnum tengslum við hann og náinna fjölskyldumeðlima.

## 4. VERÐBRÉFAVIÐSKIPTI STARFSMANNA

Um viðskipti starfsmanna með fjármálgerninga gilda reglur um verðbréfavíðskipti starfsmanna. Regluvörður hefur umsjón og eftirlit með reglum um eigin viðskipti með fjármálagerninga og að viðkomandi lögum og reglum sé framfylgt.

Starfsmenn kunna að fá afslátt frá verðskrá bankans, en njóta ekki annarra sérkjara í tengslum við verðbréfavíðskipti. Verðbréfavíðskipti starfsmanna skulu ávallt framkvæmd með sama hætti og viðskipti annarra viðskiptavina í sambærilegri stöðu, þar með talið hvað varðar röð sambærilegra fyrirmæla.



## 5. AFGREIÐSLA VIÐSKIPTA

Starfsmönnum er óheimilt að afgreiða viðskipti fyrir sjálfa sig, fjölskyldumeðlimi sína eða aðra tengda aðila. Regla þessi á við um öll viðskipti í bankanum, þ. á m. verðbréfavíðskipti.

## 6. GILDISTAKA OG BIRTING

Reglur þessar taka gildi við birtingu þeirra. Reglur þessar skulu vera aðgengilegar viðskiptavinum og eru birtar á heimasíðu bankans ([www.arionbanki.is](http://www.arionbanki.is))

Samþykkt af bankastjóra Arion banka hf. þann 3. apríl 2017